

PÉTUR KNÚTSSON

Lögheimili sannleikans

Ari fróði og sagnfræðin

1

Í þessari grein mun ég beina sjónum að hinum fleygu einkunnarorðum Ara fróða, „En hvatki es missagt es í frœðum þessum, þá es skylt at hafa þat heldr es sannara reynisk,“¹ og athuga ýmsar áleitnar spurningar sem kunna að vakna, spurningar sem fyrst komust á dagskrá um miðbik tuttugustu aldar þegar menn tóku að deila um gildi Íslendingasagna sem sagnfræðiheimilda. Með ritgerð sinni um *Hrafnkötlu* frá 1940 lagði Sigurður Nordal grunn að þeirri skoðun að Íslendingasögurnar væru fyrst og fremst skáldverk,² en þessi skilningur náði lengi vel ekki til elstu heimilda um landnámið. Í útgáfu sinni á *Íslendingabók* og *Landnámabók* frá 1968 gerir Jakob Benediktsson ráð fyrir því að heimildir Ara séu traustar og nálgun hans til fyrirmyndar, tilvitnunin hér að ofan sé „ekki innantóm formúla“:

Hliðstæður við þessi orð eru algengar í sagnfræðiritum miðalda, [...] en Ara hafa þau verið fullkomið alvörumál, annars hefði hann ekki gert sér svo mjög far um að tilgreina heimildarmenn sína, jafnvel með tiltölulega lítt merka hluti. Ari hefur hér að vísu stuðzt við erlendar fyrirmyndir á ytra borði en notfært sér þær á sinn hátt, gefið þeim inntak sem kom heim við skoðanir sjálfs hans og tilgang.³

Í grein sinni „Frá landnámstíma til nútíma“ frá 1988 tekur Sveinbjörn Rafnsson annan pól í hæðina.⁴ Látum okkur í léttu rúmi liggja að hin

¹ *Íslendingabók* og *Landnámabók*, Jakob Benediktsson gaf út, *Íslensk forrit* I, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968, bls. 3.

² Sigurður Nordal, *Hrafnkatla*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1940.

³ *Íslendingabók*, bls. xxvii

⁴ Sveinbjörn Rafnsson, „Frá landnámstíma til nútíma“, *Skírnir* 161, 1988 (haust), bls. 317–329.

bókmenntalega nálgun sé Sveinbirni hvergi að skapi, honum finnst hún troða sagnfræði um tær í viðleitni sinni til að hefja til vegs og virðingar skáldskapar- og listagildi sagnanna og veita þeim „forgang á undan sögu og sagnfræði og liðnum veruleika“.⁵ En Sveinbjörn skilgreinir með afgerandi hætti sagnfræði hinna fyrstu íslensku bókmennta sem „lærðan þvætt- ing“, telur *Íslendingabók* meira eða minna skáldaða, setta fram til réttlæt- ingar landeignarréttar hinna ráðandi stétta, bakhjarla kirkjunnar: „með lærðu hugarflugi var reynt að teygja sögulegan tíma aftur í tímann, yfir goðsögulegt upphaf, og telja Landnámabók sögulegt rit“.⁶

Hér virðist heldur hafa fjarað undan þessari kennisetningu íslenskrar söguritunar um það er sannara reynist. Annaðhvort er hún orðin dæmi um einbeittan sögufölsunarvilja, eða Ari hefur verið sérlega auðtrúa og ósjálf- stæður penni. Hafi þetta verið algengt ritklif í bókmenntum miðaldanna eins og Jakob og fleiri benda á,⁷ og Ari eingöngu fylgt rithefð samtím- ans, gerir þetta málið enn vandræðalegra: var þetta útbreidd sögufölsun? Um Ara segir Snorri Sturluson að hann hafi verið „sannfróðr at fornum tíðendum bæði hér ok útan lands, at hann hafði numit at gömlum mönn- um og vitrum, en var sjálf fr námngjarn ok minnigr“.⁸ Er Snorri þá samsekur í sögufölsuninni? Hvað um seinni tíma menn? Er Jakob Benediktsson flæktur í þennan samsærisvef?

Nú er ekki ætlun mín að blanda mér í nýuppvakta umræðu um land- námið, þótt mér þyki að vísu átakanlegur skortur á efasemdum hjá báðum deiluaðilum, stuðningsmönnum írskra manna annars vegar og norrænna manna hins vegar. Þó má ljóst vera að niðurstaða mín gæti orðið þar inn- legg, því ég hef í hyggju að leita skýringar á þessum frægu orðum sem gæfi tilefni til að álykta að Ari hafi hvorki verið auðtrúa né óheiðarlegur.

2

Tvennum sögum fer af skilningi okkar á fornri menningarsögu. Að morgni páskadags í ár, í útvarpsþætti þeirra Páls Skúlasonar og Ævars Kjartanssonar, *Heimur hugmyndanna*, vék Páll sem oftast að Aristótelesi og

⁵ Sama rit, bls. 324.

⁶ Sama rit, bls. 319.

⁷ Sjá neðanmáls hjá Jakobi í tilvitnuninni hér að ofan; og sbr. Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1988, bls. 159–162.

⁸ *Heimskringla* I, Bjarni Aðalbjarnarson gaf út, *Íslensk fornrit* XXVI, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1941, bls. 7.

gerði því skóna að hugarheimur Forn-Grikkja væri áþekkur okkar: „Við manneskjurnar höfum ekki breyst í neinum grundvallaratriðum síðustu tvö þúsund og fimm hundruð árin, við erum með sömu líkamlegu þarfir og sömu tilfinningar og það bærast með okkur sömu hugsanir.“⁹

Viku seinna, í sama þætti, ræddi Ævar við Ólaf Gíslason sem hélt því fram að við hefðum „misskilið að stórum hluta til eða ekki náð að tileinka okkur og túlka fyrir okkur þessa grísku menningu [...] Okkur er svo tamt að hugsa í þessum kristnu hugsanarásum, hvort sem við erum trúuð eða ekki, að við náum ekki að skilja hvað liggur til grundvallar hinni grísku hugsun.“¹⁰ Strax á eftir var útvarpað þætti um Óvíd á þessum menningarlega sunnudagsmorgni viku eftir páska, þar sem umsjónarmaðurinn Hjalti Snær Ægisson sagði um þýðingu Kristjáns Árnasonar á *Ummyndunum* að hún væri „kærkomin staðfesting á því hversu stutt hún er leiðin frá Óvíd til okkar“.¹¹

Ekki er þó víst að hér sé um eins mikinn afstöðumun að ræða og sýnist í fljótu bragði. Páll er að tala um hinar innstu mannlegu kenndir, ekki hugsanaganginn sem mótar viðjar vanans og ytri ásýnd samfélagsins. Víst er að enginn marktækur munur er merkjanlegur á líkamsstarfsemi okkar og Forn-Grikkja, líffræðilegt heilabú okkar virðist ekki hafa tekið neinum sýnilegum breytingum. En ef til vill er vert að staldra við og spyrja hve djúpt þær rista, hugsanarásirnar hans Ólafs?

Þeir Hjalti, Páll og Ólafur fjalla hér allir um ferðalög milli tungumála og menningarheima, svo ekki sé minnst á tíma. Þótt við köllum hana stutta, leiðina frá Óvíd, kemst hún þó á dagskrá: ekki tölum við svona um Halldór Laxness, ekki ennþá. Aðdráttarafli hins fjarlæga og ókunna, sem er svo stór þáttur í þeirri ánægju sem við höfum af fornum bókmenntum, býr að miklu leyti í þoku skilningsleysis okkar. Í slíkri þoku og í slíkri fjarlægð er viturlegt að gera ráð fyrir eigin skammsýni, og varnaðarorð Ólafs eru ekki léttvæg. Fyrir 2500 árum er ljóst að hugtök eins og jafnrétti, frelsi, þrældómur, friður og stríð hafi verið harla ólík okkar, svo ekki sé minnst á örbylgjuofn eða fésbók. Hér er annað og meira að eiga sér stað en breytingar á merkingu orða, en erfitt er að átta sig á hvaða þættir mannlegrar tilveru eiga hér hlut að máli. Gerist þetta í umhverfi okkar, á einhverjum samfélagslegum vettvangi? Eða eru þetta einstaklingsbundnir þættir í sjálfsvitund hvers og eins? Hvar eiga þær sér raunverulega stað, þessar

⁹ Ríkisútvarpið, Rás 1, 4. apríl 2010, kl. 9–9:50.

¹⁰ Ríkisútvarpið, Rás 1, 11. apríl 2010, kl. 9–9:50.

¹¹ Ríkisútvarpið, Rás 1, 11. apríl 2010, kl. 10:10–10:40.

hugsanarásir sem Ólafur nefndi: eingöngu í taugaklösum hundraða milljóna mannsheila? Hve nærri eða fjarri kjarnasýrunum liggja leiðir þeirra? Að hve miklu leyti nær Íslensk erfðagreining að halda utan um íslenska hugsanagreiningu?

Ef til vill var ég of fljótur á mér þegar ég nefndi fjarlægðina milli okkar og Halldórs Laxness. Hraði tungumálabreytinga kemur sífellt á óvart. „Hvað ertu gamall?“ spyr Þórunn í Kömbum Ólaf Kárason Ljósvíking, spurningar sem við teljum okkur skilja til fulls.¹² En svarið „Ég er fullra seytján ára“ er ólíkt okkar tungutaki, og minnir okkur á að hugarheimur Þórunnar og Ólafs, að minnsta kosti hvað varðar ástamál sautján ára unglings, er ekki sá sami og okkar. Frásögn Halldórs teiknar upp þennan mismun með hárfínnum dráttum, en í henni birtast ekki einungis þau rof sem Halldór skynjaði, heldur verður okkur einnig ljóst að sjálfur heimur Halldórs er ekki lengur okkar. Og nú þegar fjarlægðin er komin í fókus, uppgötvum við að spurning Þórunnar, *Hvað ertu gamall?*, er einnig fyrnd, og ættuð úr heimi sem er okkur ókunnur. Tungutakið er það sama og við notum nú, en samtalið í heild á sér stað í öðrum hugarheimi.

Eftir því sem við hverfum lengra aftur í tímann verða þessi merkingar-rof djúpstæðari, þótt oft liggi þau falin í ytra formi tungumálsins. Þegar við lesum eldri texta lítum við gjarnan framhjá því að þeir hafi þegar verið þýddir að minnsta kosti til hálf: stafsetningin og greinarmerkin eru með nútímablæ, svo ekki sé minnst á prentletrið og uppsetningu textans á sléttum, hvítum, tölusettum og tilskornum blaðsíðum eða á tölvuskjám. Allt er þetta gert af svo mikilli snilld að við skynjum ekki þær breytingar sem liggja að baki orðanna. En með dálítilli útsjónarsemi og mikilli virðingu fyrir orðunum sjálfum getum við oft grafist fyrir um hugarheiminn sem þau búa yfir á hverjum tíma. Niðurstöður okkar verðum við að sjálfsögðu að túlka með varúð, því eins og fornleifafræðirannsóknir gefa þær okkur ef til vill skakka mynd; en þar með er ekki sagt að uppgröftur hafi verið óþarfur.

Fornleifafræði tungumála er að því leyti frábrugðin fornleifafræði stokka og steina að hún einskorðast ekki við efnislegar leifar. Heimildir um eldri gerðir tungumála hafa varðveist u.þ.b. eins lengi og Páll Skúlason vill fara aftur í tímann, en grúsk í fornum handritum er ekki einá viðfangsefni tungumálafræði. Lifandi orð í dag bera í sér gjóskulög árpúsunda

¹² Halldór Laxness, *Heimsljós* I, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1987 (1. útg. 1937), bls. 121.

sem geyma eldri hugform og hægt er að rannsaka *in vivo*. Oft kemur í ljós að stutt er síðan ýmis algeng orð öðluðust núverandi merkingu sína. Þannig er því farið með latnesk hugtök svo sem *inspiratio* (innblástur) eða *evolutio* (þróun).¹³ *Spiritus*, sem leynist í *inspiratio*, er andinn sem sveif yfir vötnunum, á grísku *pneuma*, vindur, andblær, andardráttur. Orðið vísar til þess að andinn sem kveikir í okkur líf var um leið efnislegur andardráttur, vindur himinhvolfsins; og enn í dag þarf góði hirðirinn stundum sjálfur að taka að sér hlutverk guða og blása lífi í kok nýfædda lambsins. Svipað má segja um *evolutio*: fyrir samtíðarmönnum Darwins var hugtakið *evolution of species* eða þróun tegunda nær merkingarlaust, því *evolution* var einstaklingsbundið ferli sem við myndum nú kalla *framköllun* eða *opnun*, eins og blóm úr hnappi eða fiðrildi úr púpu; það var rökleysa að tala um að tegundir gætu blómgastr á þennan hátt. Og merkilegt er að fylgjast með fálmenndum tilraunum Samuels Taylors Coleridge, eldri samtímamanns Darwins, þegar hann reynir að fjalla um nýtt og nafnlaust hugtak sem Freud átti eftir að kenna okkur að heiti „undirmeðvitund“:

Til er heimspekileg (og að því marki að hún sé raungerð með frelsisátaki, ekki náttúruleg) vitund, sem liggur undir eða (svo að segja) bak við hina sjálfsprottnu vitund sem er eðlislæg öllum hugsandi verum.¹⁴

Owen Barfield telur að hin margumtalaða torræðni í verkum Coleridge sé að minnsta kosti öðrum þræði af því sprottin að tungumálið bjó ekki yfir farvegi fyrir þau hugtök sem hann þurfti á að halda,¹⁵ og það rennur upp fyrir okkur að fyrir tíma Coleridge var hugtakið *undirmeðvitund ekki til í hugarheimi manna*. Varla er hægt að hugsa sér róttækari mismun á hugmyndum mannkyns um sjálfst sig, þótt við förum ekki nema tæp 200 ár aftur í tímann.

¹³ Margt af því sem ég hef að segja hér kemur úr smiðju Owens Barfield, en ég á erfitt með að benda á vissa staði. Af bókum hans má ef til vill helst nefna *Poetic Diction* (1928), *Saving the Appearances* (1965), *What Coleridge Thought* (sjá hér á eftir) og *The Rediscovery of Meaning* (1977), þótt þessi upptalning nægi hvergi.

¹⁴ „There is a *philosophic* (and inasmuch as it is actualized by an effort of freedom, an *artificial*) consciousness, which lies beneath or (as it were) behind the spontaneous consciousness natural to all reflecting beings.“ Tilvitnunin er tekin úr Owen Barfield, *What Coleridge Thought*, Middletown: Wesleyan University Press, 1971, bls: 15–16.

¹⁵ Sbr. sama rit, bls. 16.

3

Á þeim níu öldum sem liðið hafa síðan elstu íslensku handritin voru skrifuð má því gera ráð fyrir enn frekari breytingum í hugarheiminum. Við ráðum í texta sem löngu liðið fólk hefur fært á skinn, fólk sem getur ekki lengur frætt okkur um hvað það vildi eiginlega sagt hafa, fólk sem bjó í heimi sem er ekki lengur til, undir himni sem hefur síðan skekkst töluvert og skipt um lit, í peningalausum samfélagi, á vegalausum landi, í blautum skóm. En sjálft tungumálið glepur okkur sýn, því það virðist svo líkt okkar eigin máli að okkur sést gjarnan yfir þann mikla merkingarmun sem undir býr.

Ég rakti áðan hvernig kunnugleg spurning Þórunnar í Kömbum, „Hvað ertu gamall?“, hefur skipt um merkingarblæ á innan við öld, og því er rétt að gera ráð fyrir verulegum þýðingarvanda milli okkar og Ara. Ég hef í nýlegri grein bent á að íslenska orðið *tunga* hafði aðra merkingu fyrir Fyrsta málfræðinginn, sem var yngri samtímamaður Ara, en það hefur í dag – ekki einasta vegna þess að orðið hafi breytt um merkingu, heldur hafi sjálfur raunveruleikinn tekið breytingum. Það sem við köllum *tungumál* vísar til staðlaðs og stofnanavædds fyrirbæris sem var ekki til á tímum Fyrsta málfræðingsins, og þessi breyting á merkingu hefur leitt til grundvallarmisskilnings hjá að minnsta kosti einum virtum fræðimanni.¹⁶ Að þessu sinni er það lýsingarorðið *sannur* sem kemur við sögu. Mín tillaga er að áminningin um það er sannara reynist, sem virðist okkur svo merkilega nútímaleg og fellur svo vel að akademískri siðfræði á okkar dögum, hafi haft aðra merkingu fyrir samtímarmenn Ara. Enda virðast enskir þýðendur *Íslendingabókar* hálfþéttir við sannleikshugtakið á þessum stað: Gwyn Jones þýðir *sannara* með *more correct*¹⁷ en Siân Grønlie hefur *more accurate*.¹⁸ Athygli vekur að bæði varðveita þau þó miðstigsmyndina.

Miðstigsmyndin er ef til vill fyrsta vísbendingin um að ekki sé allt með felldu. Er þetta ekki tvígildishugtak, eins og *tollskyldur* eða *láréttur*, annaðhvort-eða? Geta ný sannindi verið *sannari* en þau gömlu, verða þau gömlu ekki einfaldlega *ósönn* fyrir bragðið? Hvers vegna segir Ari ekki *skýlt er að hafa þat er satt reynist*? Sannleikshugtak okkar nú á dögum virðist vera

¹⁶ Pétur Knútsson, „*Beowulf* and the Icelandic Conquest of England“, *Det norrøne og det nationale*, ritstj. Annette Lassen, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, 2008, bls. 263–286.

¹⁷ Gwyn Jones, *The Norse Atlantic Saga*, London: Oxford University Press, 1964, bls. 101.

¹⁸ *Íslendingabók – Kristnisaga*, þýð. Siân Grønlie, London: Viking Society for Northern Research og University College London, 2006, bls. 3.

til í að minnsta kosti tveimur útgáfum. Annars vegar er það tvígildishugtak, og felur í sér hlutlægt mat á raunveruleikanum: við viljum vita hvort það er satt eða ósatt að bíllinn hafi farið yfir á rauðu ljósi, að tiltekin innherjaviðskipti hafi átt sér stað, eða að Siggi og Gunna séu par. Hins vegar er vel hægt að nota orðið *sannur* sem einkunn, í merkingunni *ósvikinn*: þetta er *sönn ánægja*, og þá getur vel orðið svo að önnur ánægja sé sannari, eða Gunnar sannari hetja en Skarphéðinn. En þessi tvö merkingarsvið eru ekki skýrt afmörkuð: staðhæfing getur verið *sönn að vissu marki*, og orðalagið *það sem sannara reynist* er notað óspart í hugmyndafræðilegri og pólitískri umræðu í dag. Það er eins og orðið sjálft tengi saman þessi tvö merkingarsvið og skapi öllu flóknara merkingarumhverfi. *Það er hverju orði sannara* er ekki einföld einkunn, heldur felur það í sér mat á hæfi og rétt-sýni, og ber með sér virðingu fyrir orðunum sjálfum.

Þessi klofningur í merkingarsviði eins og sama orðsins, sem lýkur upp nýjum og flóknari merkingarheimum, er mjög algengur í þróun tungumála. Hvernig kemur hann til? Ef til vill mætti hugsa sér að önnur merkingin sé upprunaleg, en hin hafi orðið til við myndhvörf. Tökum t.d. orðið *blóð*, sem virðist hafa fyrst og fremst *eiginlega* merkingu, þ.e. rauður líkamsvessi hryggdýra, en einnig *óeiginlega*, og vísar þá til ættar- og persónueinkenna: *blátt blóð*, *gæðablóð*, *að renna blóðið til skyldunnar*.¹⁹ Svipað má segja um orðið *rót*, sem merkir jarðstöngull jurtar, en virðist hafa öðlast *óeiginlega* merkingu þegar við veltum fyrir okkur orsakasamhenginu og tölum um *rót vandans*. Frummerkingu þessara orða teljum við vísa til efnisheimsins, því mannfólkið saug blóðugt kjöt og gróf upp rætur löngu áður en það fór að hugsa um gang lífsins. Oft hefur verið bent á að flest ef ekki öll þau orð sem lýsa hugarheiminum virðast hafa hlutlægan uppruna sem vísaði áður til ytri veruleika, svo sem veðurs og vinds og líkamlegrar hreyfingar. Owen Barfield tekur dæmi frá Anatole France þar sem setningin *L'âme possède Dieu dans la mesure où elle participe de l'absolu* (sálin eignast Guð að því marki sem hún tekur þátt í hinu algilda) er endurgerð eftir frummerkingu orðanna: *Le souffle est assis sur celui qui brille, au boisseau du don qu'il reçoit en ce qui est tout délié* (andardrátturinn situr á þeim sem skín, á skeppu gjafarinnar sem hún þiggur af því sem er alveg fráhneppt).²⁰ Sem dæmi á íslensku mætti benda á hugtök eins og *skilningur* og *greind* sem

¹⁹ Það sem ég segi hér um *blóð* hef ég frá Owen Barfield.

²⁰ Owen Barfield, *Poetic Diction*, Middletown: Wesleyan University Press, 1973 (1928), bls. 65. Verkið sem Barfield vitnar í er *Jardin d'Épicure* eftir Anatole France.

bæði vísa til verknaðarins að kljúfa; *vita* sem þýðir *að vera búinn að sjá*, *angur* sem hefur frummerkinguna *þrengsli*, *blakka* sem merkir *að æpa* eða *hljóða*, *reiður* sem merkti upprunalega *snúinn*, *undinn*, og svo má lengi telja. Af þessu hefur verið dregin sú ályktun að orðaforðinn um hugarheiminn hafi orðið til á einhverju forsögulegu stigi málsögunnar þegar menn gerðust skyndilega skáldlegir og gripu til myndhvarfa til að lýsa hinum nýja hugarheimi sínum í stað þess að búa til ný orð eins og þeir höfðu ávallt gert fram að því. Þetta skáldlega tímabil hafi svo runnið sitt skeið á forsögulegum tíma, en tilhneiging til myndhvarfa hefur haldist í skáldamáli allar götur síðan. Með öðrum orðum er það svo, eins og Barfield bendir á, að því lengra sem við færum okkur aftur í tungumálasöguna finnum við æ ríkari tilhneingingu til að tala í myndhvörfum, en samt ímyndum við okkur að elsta stig tungumálsins sé fullkomlega hlutlægt og myndhvarfalaust.²¹

Þessi tilgáta finnst Barfield harla ólíkleg. Í staðinn tekur hann upp þráðinn frá Goethe og Coleridge og útskýrir þróunina með öðrum hætti. Hefði hann fjallað um þessi íslensku hugtök hefði hann sagt að orðið *rót* hafi frá örófi alda átt sér merkingarsvið sem felur í sér upphaf, undirstöðu, orsök, og táknað heildrænt, dulrænt og andlegt samband rótarinnar við jurtina. Seinná átti sér stað klofningur eða pólun í hugtakinu þegar mannkynið lærði að skoða jurtina sem mekaníska samsetningu sjálfstæðra hluta án táknrænnar merkingar. Hið hlutlega og vísindalega hugtak *rót* er því seinna til komið, en var þó í fyllingu tímans skilgreint sem grunnhugtakið, en *rót* sem *orsök* var hins vegar túlkað sem myndhvörf. *Rót vandans* er ekki yfirfærð merking, heldur sú sem er upprunalegri. Á sama hátt hafi *blóð* upprunalega verið líkamsvessi sem var birtingarmynd eðlis og andlegrar gerðar manneskjunnar eða dýrsins. Þegar mannkyn tók að efast um að þetta tvennt færi nauðsynlega saman fékk orðið *blóð* nýja merkingu og varð að líffræðilegum líkamsvökva sem hægt var að skilgreina á tæmandi hátt án dulrænnar eða andlegrar skírskotunar. En sú er alls ekki upprunaleg merking orðsins *blóð*. Það sama gerðist með hjarta og lifur, og með vindinn og andardráttinn og guðlegan innblástur. Það sem við nú sjáum sem hina *óeiginlegu* merkingu er í raun hin upprunalegri; hin „eiginlega“ merking nútímans er seinni tíma afleiðing tvíhyggjunnar, aðgreining vitundarinnar frá efnisheiminum.²²

²¹ Sama rit, bls. 73.

²² Eðlilegt framhald þessarar rökræðu er að spyrja að hvaða leyti þessi tvíhyggja sé æskileg þróun. En við skulum ekki fylgja Barfield á þessari braut að sinni, enda er svar hans ekki einfalt.

Er hægt að hugsa sér að orðið *sannur* hafi þróast á svipaðan hátt? Svo virðist sem *rót* og *blóð* hafi öðlast sínar nýju merkingar í kjölfar vísindabyltningar, með öðrum orðum þegar mannshugurinn tók upp á því að skilja með afgerandi hætti á milli hugarheims og efnisheims. Því má spyrja: er hægt að benda á álíka breytingar í hugarheimi manna sem kunna að hafa leitt til klofnings í merkingu hugtaksins *sannur*, sem áður hefði haft heildræna merkingu?

Svo vill til að *Íslendingabók* Ara, sem er rituð snemma á 12. öld, stendur á miklum tímamótum í íslensku samfélagi, tímamótum sem gengu yfir á mismunandi tímum hjá mismunandi þjóðum og eru ekki afstaðin enn. Hér er átt við tilkomu ritmáls og breytinguna frá munnmennt í bókmennt. Fræðimenn eins og Eric Havelock²³ og Walter Ong²⁴ hafa bent á hve erfitt það sé fyrir okkur sem búum við almennt læsi að skilja hugarheim manna fyrir tilkomu ritmáls. Eitt merki þessa vanda sést strax í því að okkur skortir orð og hugtök sem duga til að lýsa hugarheimi ólæss samfélags. Ekki höfum við fengið þau í arf frá þeim tíma, því ritmálslaust samfélag hafði ekki tilefni til að smíða slík hugtök, ekki frekar en að það þekkti rafmagnsleysi eða talaði um að *handmjólka kúna*. Ólæst samfélag iðkar skáldskap en telur hann ekki óritaðan; það skapar menntir en kallar þær ekki munnmenntir. Hugtakið *munnleg geymd*, sem við notum til að lýsa þessu fyrirbæri, þætti landnámsmönnum vafalaust óskiljanlegt rugl, því víska og hefðir samfélagsins eru ekki geymsluvörur, heldur fylgja þær manninum eins og sjálft tungumálið. Orðið *munnmennt* hefur verið notað í íslensku sem þýðing á hugtakinu *orality* hjá Havelock og Ong, en þeir þurftu hvor í sínu lagi að afsaka og útskýra þetta nýja heiti í löngu máli og benda á að óhæft væri að tala um *óritaðar bókmenntir* eða *illiterate literature*.

Tilkoma ritlistar á Íslandi sem og annars staðar í Evrópu var í upphafi mjög smá í sniðum, þróunin ávallt mjög hægfara, þannig að flest einkenni munnmenntar héldu velli löngu eftir að hin nýja rittækni hafði skotið rótum. Bæði Havelock og Ong tala um tímabilið þar sem „ritið“ (e. *craft literacy*) ríkti, samfélagið í heild var ólæst en fámenn stétt manna iðkaði hina dularfullu nýju tækni.²⁵ Elstu ritin veita okkur því innsýn í þetta

²³ Eric A. Havelock, *Preface to Plato*, Cambridge, Mass.: Harvard University Press, 1963.

²⁴ Walter J. Ong, *Orality and Literacy*, London: Routledge, 2002 (1. útg. 1982).

²⁵ Vert er hér að minnast á ritgerð Claudes Lévi-Strauss, „A Writing Lesson“, sem lýsir á meistaralegan hátt afstöðu ólæss samfélags til hinnar dularfullu rittækni sem

horfna samfélag munnmenntar, og gefa vísbendingu um að hlutverk lista og mennta hafi þar verið allt annað en við þekkjum nú. Aðalhlutverk þeirra er að endurtaka og staðfesta þær athafnir sem þróast hafa til varðveislu hinna margvíslegu minnisatriða sem hnýta samfélagið saman. Í samfélagi munnmenntar hefur kveðskapur og frásagnarlist fyrst og fremst nýttjagildi. Áheyrndur kvæðis eða frásagnar vilja heyra það sem þeir þekkja og vita; þeir vilja heyra spakmælin í rétttri röð og í góðri frásögn, til áréttingar samfélagsmyndinni. Þeir vilja heyra þau oft. Völvann spyr: „Vituð ér enn, eða hvað?“, Þórarinn Eldjárn þýðir: „Viljið þið meira, eða hvað?“ og völvann í uppsetningu Pálínu Jónsdóttur í Þjóðleikhúsinu heldur leikhúsgestunum spenntum í von um nýjar uppljóstranir²⁶ – því nútíma áheyrndur vilja heyra meira og heyra eitthvað nýtt, fyrir þeim er góð list gjarnan nýjung. Þeir kalla ekki eftir staðfestingu á almennri og skjalfestri vísu, enda væri það tæplega talið list. En völvann í *Völuspá* meðhöndlar óritaða speki sem verður að endurtaka oft og reglulega í heyranda hljóði. Nýmæli, ný orð og ný hugsun stofna varðveislufurferlinu í hættu. Orð völvunnar merkja: *Vitið þið þetta? Erúð þið að fylgjast með? Er ég að segja rétt frá? Á ég að halda áfram?*

Saxi hinn málspaki skrifar á latínu um aldamótin 1200 og lýsir norsku hetjunni Ericus sem meistara hins talaða orðs.²⁷ En ræður hans sem Saxo greinir frá eru að mestu samsettar úr málsháttum og hefðbundinni speki. Orðsnilld og sannfæringarkraftur felst í færni í að tala á viðeigandi hátt og nota þekktar formúlur, og sannleiksgildið fer eftir því. Sagt er um Óðin í Ynglingasögu að „hann talaði svá snjallt ok slétt, at öllum, er á heyrðu, þótti þat eina satt“.²⁸ Fyrir okkur eru þetta vafasamir eiginleikar sem vekja hugmyndir um múgsefjun og einræði. Hinn illi töframaður Saruman í *Hringadróttinssögu* Tolkiens seiðir áheyrndur sína með fegurð talanda síns og tælir þá til fylgilags.²⁹ Hin svokallaða töfra- eða valdarödd (e. *voice of power*), sem knýr menn nauðuga viljuga til hlýðni, er algengt minni í ævintýrabókmenntum og kvikmyndum á okkar dögum. Það virðist tilkomið vegna mistúlkunar á fornum sögum, þar sem orðsnilld og fagurmæli voru aðalsmerki góðs leiðtoga sem kunni að greiða úr flóknum og var-

hvíti maðurinn býr yfir. Sjá *Tristes Tropiques*, London: Jonathan Cape Ltd., 1973, 30. kafli.

²⁶ *Völvann* eftir Pálínu Jónsdóttur, í *Kassanum*, Þjóðleikhúsinu, leikárið 2009–2010.

²⁷ Saxo, *Gesta* V.II.10.

²⁸ *Heimskringla*, Ynglingasaga, 6. kap., bls. 17.

²⁹ J.R.R. Tolkien, *The Lord of the Rings. Part II, The Two Towers*, London: George Allan & Unwin Ltd, 1954, bls. 183–187.

hugaverðum raunveruleikanum með *sönnunum* og eftirminnilegum hætti. Enda leika vel kveðin spakmæli létt á tungu manna í Íslendingasögunum, og eru einatt talin *sönn*:

Óláfr mælti: [...] „Er þat ok satt at sagt er, at úlfar eta annars ørindi.“³⁰

Konungurinn verður allglaður við þetta og mælti: „Sannat hefir Kjartan orðskviðinn, at hátíðir eru til heilla beztar.“³¹

„Slíks var þér ván,“ segir Höskuldr, „þú fórt rasandi mjök. Mun hér sannask þat, sem mælt er, at skamma stund verður hönd höggvi fegin.“³²

Til þess að finna sannleikshugtakinu stað í þessum heimi endurtekninga og nýjungafælni verðum við að skilgreina það á annan hátt en okkur er tamt nú, og færa það í átt að öðrum hugtökum í okkar reynsluheimi, t.d. *sanngirni* eða *velsæmi*. Víða í Íslendingasögunum er orðið *sannur* eða afleidd orð torskiljanleg nema þessi merking sé höfð í huga. Í *Laxdælu*, 54. kafla, færast Barði undan því að taka þátt í aðför að Bolla með orðunum „Veit ek, at þér mun ósannligt þykkja, at ek víkjumk undan.“³³ Einar Ólafur sér hér ástæðu til að skýra orðið *ósannligt* í neðanmálsgrein sem „óhæfilegt, ótilhlýðilegt“. Í *Njálu*, 24. kafla, er Hrútur neyddur til að greiða Gunnari Hámundssyni háar fjárhæðir vegna Unnar frændkonu Gunnars eftir skilnað þeirra Unnar og Hrúts. Gunnar tekur við fénu með orðunum „sönn er fjárheimtan“, og á við að fjárkröfur hans á hendur Hrúts séu *réttlátar*.³⁴

Að sjálfsgöðu er algengt að sannleikshugtakið í sögunum virðist vísa til hlutlægs raunveruleika. Í *Laxdælu*, 44. kafla, segir:

Guðrún mælti nú við Bolla, at henni þótti hann eigi hafa sér allt satt til sagt um útkvámu Kjartans. Bolli kvazk þat sagt hafa, sem hann vissi þar af sannast.³⁵

³⁰ *Laxdæla saga*, Einar Ól. Sveinsson gaf út, *Íslensk fornrit* V, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1934, 23. kap., bls. 64.

³¹ Sama rit, 4. kap., bls. 122–123.

³² *Brennu-Njáls saga*, Einar Ól. Sveinsson gaf út, *Íslensk fornrit* XII, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1954, 99. kap., bls. 253.

³³ *Laxdæla*, bls. 163.

³⁴ *Njála*, bls. 67.

³⁵ *Laxdæla*, bls. 134.

Hér er greinilega um að ræða einfalda spurningu um það hvort tilteknir atburðir hafi átt sér stað eða ekki. En þótt svo sé er ekki þar með sagt að orðin *satt* og *sannast* hafi ekki haft víðara merkingarsvið en við nú þekkjum. Leiða má líkur að því að klofningurinn í sannleikshugtakinu sem við þekkjum í dag, pólun milli *sönn saga* og *sönn hetja*, hafi verið skemur á veg komin á miðöldum, merkingarmunurinn óljósari; tilvísun til hlutlægs raunveruleika hafi óhjákvæmilega blandast hugmyndum um velsæmi og hæfi. Hlutlægt mat á því sem er satt eða ósatt, óháð tilfinningum og samfélagsnauðsynjum líðandi stundar, sé seinna tilkominn eiginleiki sem byggir annars vegar á tilvist varanlegra ritaðra heimilda og hins vegar á þeirri vísindahyggju sem hefur orðið til á síðari tímum. Spyrji Guðrún: *Er það satt?* höfum við mörgum öldum seinna engin ráð til að endursegja hugsun hennar önnur en að nota sömu orðin, og því sýnist okkur spurningin falla að okkar hugsun. En rifjum upp fjarlægð okkar frá spurningu Þórunnar í Kömbum, *Hvað ertu gamall?*, sem er þó miklum mun nær okkur í tíma.

Erfitt getur reynst fyrir nútíma lesanda að samþykkja að jafn „jarðtengd“ spurning og *Er það satt?* getur haft aðrar tilvísanir en hún hefur fyrir okkur. En athugum þetta nánar. Við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því að miðaldahugtök eins og *konungur* eða *vopn* eða *öl* vísuðu til fyrirbæra sem eru ekki til í okkar raunheimi, en við sættum okkur samt við gömlu orðin í stað þess að umbreyta þeim í *stríðsherra* eða *úrelt bitvopn* eða *heimabrukk úr byggi*. Það er því óvarlega ályktað að huglægt gildismat á borð við *sannleika* hafi ekki breyst á níu öldum þótt gömlu orðin standi enn.

Fróðlegt er að athuga hvernig sögupersónurnar í Íslendingasögunum komast að niðurstöðu um það hvað *telst rétt* að hafi raunverulega gerst. Í 139. kafla í *Njála* ræða liðsmenn Gissurar hvíta og Marðar Valgarðssonar um ráðagerð þeirra Flosa. Gissur segir þau tíðindi að Eyjólfur Bölverksson hafi tekið að sér lögvörn Flosa á þinginu, og þegið að launum gullhring af hendi Flosa „ok fór leyniliga með“. Þá segir orðrétt: „Þeir urðu allir á þat sáttir, at þetta mundi svá vera.“³⁶ Hér má glögg sjá hvernig unnið er að því að staðfesta í hugum manna rétta skipan liðinna atburða: menn verða *sáttir* um að eitthvað hafi gerst, allir játast undir einn skilning. Sé um mikilvægan atburð að ræða, verður að leita leiða til að almenn sátt náist, en hún verður ekki skjalfest til framtíðar með undirskrift málsaðila, heldur verður að festa hana með öðrum hætti. Þetta er gert með þjóðsögum og

³⁶ *Njála*, 139. kap., bls. 369.

kvæðum; en þegar útkljá þarf sakamál eða önnur deiluefni liðandi stundar verður að leita sáttar með munnlegri, formlegri orðræðu á lögþingum.

Kaflar 138 til 144 í *Njálu*, sem segja frá málaferlum á Alþingi í kjölfar brennunnar á Bergþórshvoli, eru að nokkru leyti ýkju- og þjóðsagna-kenndir, en ætlun sagnaritarans virðist vera sú að varðveita minningu um málsmeðferð sakamála frá horfnum tíma. Þó að erfitt sé að gera sér grein fyrir fjarlægð eða nánd söguritarans við atburði sem gerðust að minnsta kosti 200 árum áður, er ýmislegt í atburðarásinni sem varla er hægt að útskýra nema sem aðferðir ritmálslauss samfélags til að staðfesta og *sanna* liðinn raunveruleika. Ekki er hægt að vísa til þess sem áður hefur verið sagt fyrir dómi, því það er ekki skráð; í staðinn er gerð sátt um almennan skilning á liðinni atburðarás eða framburði með því að færa það í orð sem eru eftirminnileg og því *endurtakanleg*, og til þess eru fastar formúlur best fallnar. Sök er ávallt sögð fram í heyranda hljóði „svá at dómendur heyra um dóm þveran“,³⁷ og ávallt tví- ef ekki þrítekin. Málsækjendur eru valdir með tilliti til ræðumennskuhæfileika:

Gizurr mælti til þeirra: „Nú hefir Mörður, mágr minn, tekið við máli því, er öllum mun torvelligast þykkja – at sækja Flosa.“³⁸

Mörður var allra manna snjallmæltastur.³⁹

Söguritari skráir vandlega ræðurnar sem orðréttar væru, og þar með allar formúlurnar í löngu máli. Athygli vekur að þótt ýmsum ráðum sé beitt til að spara kálfskinn með orðastyttingum og brottfellingarmerkjum eru endurteknar sakarlýsingar skráðar og endurskráðar í heild sinni: endurteknungarnar þóttu kálfanna virði, en þær ná yfir margar blaðsíður í 142.–144. kafla. Lýsingarvottar taka svo til máls og staðfesta sakarlýsinguna í löngu máli, en aðaláherslan er ekki á efni sakarlýsingarinnar heldur öllu heldur á orðaval og orðalag hennar. Orðalagið er oft í fullu samræmi við ákvæði Grágásar: t.d. ítarleg og formúlukennd sakarlýsing Marðar á hendur Flosa, og endursögn lýsingarvotta hans sem fylgir strax á eftir: „Hafði hann [Mörður] þau orð öll í lýsingu sinni, sem hann hafði í framsögu sakar sinnar ok vit [þ.e. tveir lýsingarvottar] höfum í vitnisburð okkrum. Höfum vit nú rétt borit vætti okkart ok verðum báðir á eitt sáttir.“ Því næst endurtaka þeir sama lýsingarvættið, og söguritarinn gerir vandlega grein fyrir

³⁷ *Njála*, 144. kap., bls. 397.

³⁸ *Njála*, 139. kap., bls. 369.

³⁹ *Njála*, 141. kap., bls. 374.

lítills háttar orðalagsbreytingum: „Í annat sinn sögðu þeir fram í dóm lýsingarvætti og höfðu sár fyrr, en frumhlaup síðar, ok höfðu öll orð önnur hin sömu sem fyrr.“⁴⁰ Í 144. kafla *Njálu* segir að í fimmtardómi skyldu „sönnunarmenn fylgja eiðum ok skyldi þeir ok eiða vinna“; *sannaðarmenn* eins og *Grágás* nefnir þá munu vera svipað fyrirbæri og *compurgatores* („samhreinsunarmenn“) í gömlum enskum lögum sem áttu að staðfesta eið sakbornings um sakleysi. *Compurgation*, einnig nefnd *wager of law*, var eiðsvarin yfirlýsing, oftast tólf manna, ekki um málsatvik, heldur um upprunalegan eið sakborningsins. Kæmi fram formgalli í líki afbrigðilegs orðalags í eiðum sönnunarmanna, þótti sekt sönnuð.⁴¹

Eins og Einar Ólafur bendir á fylgir frásögnin í *Njálu* mjög náíð orðalagi *Grágásar*,⁴² en athygli vekur að söguritarinn sneiðir vandlega hjá þeim ákvæðum *Grágásar* þar sem rittækni kemur við sögu. Þótt *Njálsbrenna* hafi samkvæmt sögunni átt sér stað um áratug eftir kristnitöku er hvergi í þessum köflum sagt að eiðar séu svarnir á helga bók, eins og oft er mælt fyrir í *Grágás*:

En hann skal taka bók í hönd sér, meiri en hálsbók, og nefna sér votta „í það vætti, að ég vinn eið að bók, fimmtardómseið. Hjálpi mér svo Guð í þvísa ljósi og öðru [...]“⁴³

Grágás lýsir hér rittæknistigi því sem kallað var hér að ofan „ritiðn“, þegar bækur voru táknrænar og dularfullir gripir sem fáir höfðu aðgang að – sem minnir að ýmsu leyti á frumstig farsímatækni fyrir fáeinum árum. Þótt höfundur *Njáls sögu* fylgi *Grágás*, er jafnframt ljóst að hann fynir hana í viðleitni sinni til að draga upp mynd af bókmálslausu þjóðfélagi og réttarhöldum án skjala. *Njáluhöfundurinn* var ritfær maður; í hans heimi voru *Íslendingabók* og *Grágás* gamlar bækur sem höfðu löngu skapað trausta umgjörð um sannleikshugtakið, hið helga, ritaða orð. Þó var handrit hans ætlað til upplesturs fyrir meira eða minna ólæsa alþýðu, og svo virðist sem samfélagsraunveruleiki munnmenntar sé honum í blóð borinn.

Sannleikshugtakið er í eðli sínu lögfræðilegt, þar sem það kviknar sjaldan nema áhöld séu eða skiptar skoðanir um liðna atburði sem kalla á

⁴⁰ *Njála*, 142. kap., bls. 382.

⁴¹ David M. Walker, *The Oxford Companion to Law*, Oxford: Clarendon Press, 1980, bls. 264.

⁴² *Njála*, bls. 382, neðanmáls.

⁴³ *Grágás*, útg. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason, Reykjavík: Mál og menning, 1992, bls. 402.

sáttargjörð. Þetta sést vel ef við lítum á uppruna orðsins, en *sannur* er samstofna latneska orðinu *sons*, „sekur“. *Synd* er af sama stofni.⁴⁴ Algengt orðasamband í Íslendingasögnum er *sannur að sök*.

Ljóst er því að sannleikshugtakið hafði ávallt samfélagslega skírskotun og fékk sína staðfestingu með sáttum milli manna; þegar mikið lá við gerðist þetta á þingi. Hin rökfræðilega skírskotun hafði mun minna vægi, og hugtakapólunin sem við þekkjum í dag, þegar segja má að orðið „sannur“ hafi tvær aðskildar merkingar eins og hér hefur verið rakið, var ekki til staðar. Glöggt kemur þetta fram í mun eldra dæmi: í bréfi sínu til Filippímanna (4.8) segir Páll postuli:

Að lokum bræður, hvaðeina sem satt er, hvaðeina göfugt, hvaðeina rétt, hvaðeina hreint, hvaðeina elskulegt, hvaðeina gott afspurnar, sé þar dyggð eða sé þar lof, hugleiðið það.⁴⁵

Þessi upphafna þula nefnir sex góða kosti sem allir lúta að háttsemi manna: öll breytni sem er sönn, göfug, rétt, hrein, elskuleg og góð afspurnar. Allt eru þetta eiginleikar sem treysta innviði samfélagsins, öryggi og rétta skipan þess. Rökfræðihugtakið „veruleikanum samkvæmt“ á hér alls ekki við.

4

Algengt ritklif í sagnfræðiritum miðalda er að höfundur segist ekki geta staðfest frásögnina sökum skorts á vitneskju. Þórir munkur skrifar í Noregi á seinni hluta 12. aldar um fyrstu ferðir norrænna manna til Íslands, og leggur áherslu á að þar sem hann búi ekki sjálfur yfir traustri vitneskju geti hann hvorki staðfest né rengt frásögnina.⁴⁶ Seint á 9. öld skráir Elfráður ríki konungur Englendinga frásögn Norðmannsins Óttars um þjóðir nyrst á Norðurlöndum, en Óttar segir að Bjarmar hafi sagt honum af landi

⁴⁴ Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989, bls. 796 („2 sannur“).

⁴⁵ Ég leyfi mér að þýða hér úr *Vulgata*, þann texta sem Ari þekkti: *De cetero fratres quaecumque sunt vera quaecumque pudica quaecumque iusta quaecumque sancta quaecumque amabilia quaecumque bonae famae si qua virtus si qua laus haec cogitate.*

⁴⁶ Theodoricus Monachus, *The Ancient History of the Norwegian Kings*, þýð. David og Ian McDougall, London: Viking Society for Northern Research, University College London, 1998, bls. 6. Í formála sínum að bókinni bendir Peter Foote á að höfundurinn sé sérlega tregur til að staðfesta munnmælasögur, þannig að þessi einkenni séu ekki aðeins merki um áhrif hefðarinnar hjá honum heldur einnig að hluta sérkenni hans sjálfs (bls. xxiv).

þeirra og löndum í kring en að hann „vissi ekki hvað af því væri satt, því hann hefði ekki séð það sjálfur“.⁴⁷ Í báðum þessum tilfellum getur heimildarmaðurinn ekki staðfest frásögnina vegna þess að hann telur sig ekki eiga formlegan hlut að málinu, með öðrum orðum hefur hann ekki sjálfur tekið þátt í þeirri sáttargjörð um sannleikann sem þar átti sér stað. Hér komum við að lykilþætti sannleikshugtaksins á miðöldum: heimkynnum þess og varnarþingi.

Ég hef áður ritað um þátt heimkynna í sjálfsvitund manna og þar með samfélagsins í *Laxdæla sögu*.⁴⁸ Hvergi kemur þetta skýrar fram en í orðum Guðrúnar Ósvífursdóttur þegar hún leitar hefnda fyrir víg Bolla í 177. kafla:

Guðrún mælti: „Vera kann, að vér fáim ekki jafnmæli af þeim Laxdælum, en gjalda skal nú einhverr afráð, í hverjum dal sem hann býr.“⁴⁹

Ekki „hver sem er“ eða „hvað sem hann heitir“ heldur „hvar sem hann á heima“. Heimilið og áttthaginn marka persónueinkenni hvers búandkarls eða -konu, en í tungumálinu birtast þau sem staðfræðileg bendivísun (*place deixis*) sem skilgreinir miðju og sjóndeild þess sem talar, áttirnar *heim* og *heiman*. Einatt er farið *heim* að hverjum bæ.⁵⁰ Heimilið er griðarstaður þar sem hlúa má að réttri skipan tilverunnar, eldinum í hlóðunum og kúnni á básnum. Í átthaga er hægast að lesa tímann af sólinni og koma skipan á dagsverkin. En hver átthagi á sér stað í stærri heild, héraði eða landsfjórðungi, og samfélagið í heild hefur sitt alþingi þar sem lög og réttur og sannleikur eiga heima.

Rétt háttsemi í þessum umfaðmandi miðjum er að sjálfsgöðu það sem *heimilað* er, það sem hæft er *heimna*. Ásgrímur Elliða-Grímsson lætur setja borð og bera á mat fyrir fjandmenn sína, Flosa og lið hans:

⁴⁷ *The Old English Orosius*, ritstj. Janet Bately, London og New York: Oxford University Press for the Early English Text Society, 1980, bls. 14: „Fela spella him sædon þa Beormas ægþer ge of hiera agnum lande ge of þæm landum þe ymb hie utan wæron, ac he nyste hwæt þæs soþes wæs, forþæm he hit self ne geseah.“

⁴⁸ Pétur Knútsson, „*Beowulf* and the Icelandic Conquest of England“.

⁴⁹ *Laxdæla*, 59. kap., bls. 177.

⁵⁰ Pétur Knútsson, „Home, Home in the Dales: The dialogism of topography in *Laxdæla*“, *The Cultural Reconstruction of Places*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík: University of Iceland Press, 2006, bls. 122–130, hér bls. 126–128.

Peir Flosi kómu í stofuna, en Ásgrímr sat á palli. Flosi leit á bekkina og sá, at allt var reiðubúið, þat er menn þurftu at hafa. Ásgrímr kvaddi þá ekki, en mælti til Flosa: „Því eru borð sett, at heimull er matr þeim, er hafa þurfu.“⁵¹

Hugtakið *heimild* er notað í *Grágás* til að merkja „sönnunargagn um eign eða afnotarétt á landi eða lausafé“.⁵² Orðið kemur ekki fyrir í *Njáls sögu* í köflunum um mál þeirra Flosa og Njálsmanna á Alþingi, en greinilegt er að öll málsmeðferð lýtur að því sem er lögformlega rétt, *heimilaður* vitnisburður, sem sátt hefur verið gerð um að dómtækur sé. Hér komum við aftur að einkennum munnlegrar siðmenningar: öll nýmæli, allt óvenjulegt eða formlega afbrigðilegt orðalag er ekki *heimilt*. Þessi hugsun hefur varðveist í dómskerfi nútímans, þar sem lögformlegur sannleikur er æðri hinu almenna sannleikshugtaki. Að framburður fyrir dómi sé lögformlega heimilaður er grunnforsenda dómsins. Við höfum mörg dæmi á seinni árum um að máli hafi verið vísað frá eða sýknudómur upp kveðinn án umfjöllunar um málsatvik vegna þess eins að formgalli hafi verið á ákær- unni. Myndverk sem hafa verið dæmd fölsuð af sérfræðingum eru í löglegri umferð á listamörkuðum sem ófölsuð væru þar sem gögn sérfræðinganna voru úrskurðuð ótæk fyrir dómi.⁵³ Það að dómsúrskurður er að fullu skilyrtur formsatriðum gerir að verkum að nútíma málsaðilar mega reka sín mál án umfjöllunar um raunveruleg málsatvik, nákvæmlega á sama hátt og liðsmenn Flosa og Marðar leituðust við að finna formgalla á málatilbúnaði hvor annars. Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 24. október 2006 kom fram að „Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri Baugs segir að gögn sem ríkislögreglustjóri notar til grundvallar ákæru vegna meintra skattsvika hans séu skilyrt við Baugsmálið. Því megi ekki nota gögnin í öðrum málum.“ Við svipað tækifæri skráði Njáluhöfundur eftirfarandi: „Nú mælti öll alþýða ok kváðu ónýtt málit fyrir Merði; urðu þá allir á þat sáttir, at vörn væri, framar en sókn.“⁵⁴

5

Íslendingabók er samin í samfélagi sjálfsþurftarbúskapar þar sem framleiða þurfti mat, fatnað, innanstokksmuni alla og búsáhöld í heimahaga. Á

⁵¹ *Njála*, 136. kap., bls. 360–361.

⁵² *Grágás*, úr atriðisorðaskrá: „heimild“, bls. 524.

⁵³ Sbr. Viktor Smári Sæmundsson og Sigurður Jakobsson, „Rannsóknir á fölsuðum málverkum“, *Skírnir* 182, 2008 (vor), bls. 121–132.

⁵⁴ *Njála*, 142. kap., bls. 385.

tímum Ara var nýja rittæknin að skjóta rótum, og urðu bækur nytjagripir eins og flestallt sem gert var af manna höndum. Tilkoma ritaðs máls gerði það að verkum að samfélagið tók að skilgreina sig með nýjum hætti. Hlutverki lögsögumannsins hnignaði eftir því sem lögð voru drög að bókfestri greiningu og staðfestingu samfélagsins. Sem nytjagripur þurfti *Íslendingabók* að vera sönn á sama hátt og borð verður að vera stöðugt, fata vatnsheld og fatnaður skjólgóður; hún þurfti að skilgreina uppruna íslensks samfélags á þann hátt sem best hæfði. Orðin „skylt er at hafa þat, er sannara reynisk“ lýsa afstöðu Ara til þess verks sem bókinni er ætlað að sinna.

Er unnt að þýða þessa hugsun á nútímaíslensku í stað þess að notast við gömlu orðin? Tilraun til róttækari þýðingar gæti ef til vill hljómað svona:

En komi á daginn að miður sé einhvers staðar sagt frá í riti þessu, þá er skylt að hafa það heldur sem kemur að meira gagni.

Hér er að vísu of langt hallað í hina áttina: með því að höfða eingöngu til samfélagslegra væntinga tapast skírskotunin til æðri gilda, guðdómlega skipulagsins sem Ari og Páll postuli heyrðu í orðinu *sannur*. Tvíhyggjan á síðari öldum hefur svo rækilega klofið hið efnislega frá hinu andlega að þau verða ekki sameinuð aftur í bráð, jafnvel þótt til séu orð sem eiga heima í báðum helmingum okkar sundraða hugarheims: blóð, rót, hjarta, andi, lög, heimild, sannleikur. Tungumálið sjálft spyrnir enn á móti tvíhyggjunni. Sem oftast leitum við til þýðingarfræðinnar um lausnina.

Um álitamál sem upp koma þegar þýtt er milli náskyldra tungumála hef ég ritað áður, og reynt að gera grein fyrir ummyndunum á smáatriðum í ytra formi málsins, hljóðum og stöfum, sem verða til við slíkar þýðingar, og áhrifum og gagnáhrifum sem þær hafa á merkingu bæði frumtextans og þýdda textans.⁵⁵ Vel þekkt birtingarform þessara áhrifa eru svokallaðir „falskir vinir“, orð sem hafa svipað form í báðum tungumálum en mismunandi merkingu: allir vita að Færeyingar sofa undir *dýnunni* (sænginni) í *seinginni* (rúminu) og furða sig á því að Íslendingar virðast sofa á sænginni

⁵⁵ Sjá Pétur Knútsson, „Um þýðingu Halldóru B. Björnsson á *Bjólfskviðu*“, *Skírmir* 158, 1984, bls. 223–244; sami höf., *Intimations of the Third Text*, doktorsritgerð, Det Humanistiske Fakultet, Københavns Universitet, 2004; sami höf., „The Pointing Voice: How a Text Means“, *Hugvísindafing 2005*, ritstj. Haraldur Bernharðsson o.fl., Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2006, bls. 223–233; sami höf., „Náin kynni – nýtt líf. Þýðingar milli náskyldra tungumála“, *Frændafundur* 6, Tórshavn: Fróðskaparsetur Føroya, 2008, bls. 65–73.

undir rúminu. En tungumál geta einnig verið aðskilin í tíma, og þá geta misgengi af þessu tagi orðið erfið viðureignar. Vera má að þegar orðið „sannleikur“ í forníslensku er endurritað án athugasemdar sem „sannleikur“ hafi þýðandi látið glepjast af fólkskum vini.

Í grein sinni „Um turna Babel“⁵⁶ verður Jacques Derrida tíðrætt um tíðræðni Walters Benjamin um sannleikshugtakið⁵⁷ – ekki (fyrst um sinn) sannleikshugtak okkar eða Ara, heldur þann ósnertanlega kjarna í orðinu sem ávallt verður eftir þegar orðið er þýtt á annað tungumál – ósnertanlegur, óþýðanlegur, en þarfnast samt þýðingar til að birtast rétt sem snöggvast sem dýrmæt vitneskja um tungumál sannleikans, *die Sprache der Wahrheit*. Ég vitna í Derrida sem vitnar í Benjamin, sönnunarmenn mína í það vætti:

Nánar tiltekið má tilgreina þennan eðliskjarna sem það í þýðingunni sem ekki verður þýtt á ný. Því hægt er að sækja eins mörg skilaboð í hann og mann lystir og þýða þau, en þá liggur ósnert eftir það sem starf hins sanna þýðanda beindist að.⁵⁸

En hvernig getur þýðandi orðið *sannur*? Er þetta einkunn eða tvígildi? Svo virðist sem sannleikurinn í ritgerð Benjamins, eins og Derrida skilur hann, eigi hvorki við sagnfræðilegan sannleik né sanna þegnhollustu við helga frumheimild:

Hér er hvorki um að ræða sannleika þýðingar að því leyti að hún væri í samræmi við eða trú fyrirmynd sinni, frumtextanum. Né heldur, að því er varðar frumtexta eða jafnvel þýðingu, einhverja nálgun tungumáls við merkingu eða við raunveruleikann, enn síður við einhverja tákmynd um eitthvað.⁵⁹

⁵⁶ Jacques Derrida, „Um turna Babel“, þýð. Jóna Dóra Óskarsdóttir, *Ritið* 3/2004, bls. 181–216.

⁵⁷ Walter Benjamin, „Verkefni þýðandans“, þýð. Ástráður Eysteinnsson, *Fagurfræði og miðlun*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 185–201.

⁵⁸ Benjamin, „Verkefni þýðandans“, bls. 192. Ég bæti við „á ný“ með tilliti til frönsku þýðingarinnar eftir Maurice de Gandillac sem Derrida styðst við („qui, dans la traduction, n'est pas à nouveau traduisible“). Orðalag Benjamins er „was an ihr selbst nicht wiederum übersetzbar ist“.

⁵⁹ Derrida, „Um turna Babel“, bls. 203; ég hef hnikað þýðingunni örlítið til. „Il ne s'agit ni de la vérité d'une traduction en tant qu'elle serait conforme ou fidèle à son modèle, l'original. Ni davantage, du côté de l'original ou même de la traduction, de quelque adéquation de la langue au sens ou à la réalité, voire de la représentation à quelque chose.“

– heldur er hann mun nær hinum æðri gildum sem Páll postuli nefnir: hvaðeina sem satt er, hvaðeina göfugt. Fyrir Benjamin-Derrida felst sannleikur í þýðingum hvorki í frumtextanum né í þýdda textanum, heldur glittir í hann af og til í sjálfu ferlinu sem hnýtir þá saman. „Sannleikurinn væri fremur hið *breina mál* þar sem merking og bókstafur verða ekki lengur aðskilin“,⁶⁰ þar sem vinir væru ekki lengur falskir, þar sem „fanleicr“ merkti einfaldlega „fanleicr“.

Ég játa fúslega að ég blanda hér saman gjóskulögum: annars vegar er um að ræða þýðingu á sannleikshugtakinu hjá Ara, en hins vegar sannleikann um þýðingu á sannleik. En þessi samsláttur er ekki ósannlegur, og reyndar ekki óheimill, sérstaklega þegar *auctoritas* eða heimildargildi frumtextans hangir á spýttunni. Því leitinn að tungumáli sannleiks leiðir Benjamin óhjákvæmilega á vit heilagrar ritningar, hinna endanlegu heimilda. Og nú dregur hann upp allsérstæða mynd til að lýsa eðli þýðingarinnar, sem „umlykur inntak sitt eins og konungsskikkja með víðum fellingum“.⁶¹ Derrida grípur hér á lofti konungshugtakið og spinnur úr því skemmtilega fléttu; hann hefur konunginn meira að segja nakinn undir kápu þýðingarinnar,⁶² ósnertan og ósnertanlegan, sannleikann sem þýðingin nær ekki að höndla. Hér er ekki á ferð útvatnað ævintýri burgeisanna um nýju klæði keisarans, heldur goðsögnin sjálf í öllum sínum hátíðleik: nakinn líkami konungs er hin holdtekna miðja ríkisins, þar sem sannleikurinn, lög og samfélagsgildi eiga heima.

En í konungslausu íslensku samfélagi býr sannleikurinn sér ból í öðrum líkómum: í framsögðum lögum, í fastmótaðri orðræðu á Alþingi. Og svo gerist það með tilkomu rittækninnar að hann fær nýjan samastað á bókfelli. Lokaorð Benjamins í „Verkefni þýðandans“ falla fullkomlega að *Íslendingabók*: „Því að í einhverjum mæli geyma öll mikil rit, einkum þó hin heilögu, þýðingu sína í reynd (*ihre virtuelle Übersetzung*) milli línanna. Millilínubýðing hins heilaga texta er frummynd og kjörmynd alls þýðingastarfs.“⁶³ Við lesum *Íslendingabók* óþýdda, með konung fyrir konung og sannleik fyrir sannleik; í reynd lesum við millilínubýðingu hennar. Hún er sannarlega

⁶⁰ Derrida, „Um turna Babel“, bls. 208.

⁶¹ Benjamin, „Verkefni þýðandans“, bls. 192.

⁶² „[...] undir víðum fellingunum, *in weiten Faltern*, grunar mann að hann sé nakinn“ (Derrida, „Um turna Babel“, bls. 207).

⁶³ Benjamin, „Verkefni þýðandans“, bls. 201. Ástráður þýðir: „Því að í einhverjum mæli geyma öll mikil rit, einkum þó hin heilögu, *hugsanlega* þýðingu sína *óbeint* ritaða milli línanna“ (skáletrun mín), en fyrir minn smekk dregur hann of mikið úr raunveruleik þeirrar millilínubýðingar sem felst í orðinu *virtuelle*.

helgirit vegna þess að hún leitast við að skrásetja uppruna íslensks samfélags.

Það er að mörgu leyti rétt hjá Sveinbirni Rafnssyni að Ari „teyg[i] sögulegan tíma aftur í tímann, yfir goðsögulegt upphaf“.⁶⁴ En Sveinbjörn notar orðið *goðsögn* í þeirri merkingu sem það hefur öðlast í nútímamáli: lygasaga og bábilja, án alls heimildargildis. Þessi merking er tiltölulega ný: til samanburðar má geta þess að samkvæmt *Oxford English Dictionary* var orðið *myth* (goðsögn) ekki notað í merkingunni „skáldað eða ímyndað fyrirbæri“ fyrr en 1849.⁶⁵ Hugtakið hefur glatað helgi sinni og eftir verður miskunnarlaus hlutlægni: goðsögn verður að ómerkilegri skröksögu. Við höfum ekki lengur orð eða hugsun til að lýsa því víðtæka en um leið heilsteypa sannleikshugtaki sem Ara er tamt, nema við gerum okkur far um að meðhöndla goðsögnina sem *sanna* umfram aðrar sögur, því hún geymir helgi samfélagsins.

ABSTRACT

The Territory of Truth: the Historianship of Ari the Wise

This paper examines the concept of historical truth as it appears in Ari the Wise's twelfth-century *Book of the Icelanders*, in particular in his adage: "If any fault be found in this account, it must be replaced by whatever proves *more true*." How are we to interpret these words in the light of our modern understanding of the unhistorical nature of Ari's work? Using Eric Havelock's and Walter Ong's accounts of oral culture, and Owen Barfield's discussion of the polarity of meaning in the wake of dualism and the scientific revolution, I propose a reinterpretation of Ari's term "true" as a synthesis of the two modes of meaning in the modern word, apparent in concepts such as "a true story" and "a true hero". This approach also entails a spatial relocation of the concept of authority, focusing on the Icelandic terms *heim* 'home' and *heimild* 'authority, sanction', and finally leads by way of Walter Benjamin and Jacques Derrida to some remarks on the truth of translation and the translation of truth.

Keywords: Ari the Wise, truth, authority, home, orality

⁶⁴ Sveinbjörn Rafnsson, „Frá landnámstíma til nútíma“, bls. 319.

⁶⁵ *Oxford English Dictionary*, 2. útgáfa, Oxford : Clarendon Press, Oxford University Press, 1989 („*myth sb.*“, 2. mgr.).